

Nd.

287. Frumvarp til laga

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.